

## 3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsstjóra skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð.

## 4. gr.

Um afgreiðslu skipulagsstjóra gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997, með síðari breytingum, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykkt borgarstjórnar er til þeirra taka.

## 5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu skipulagsstjóra er honum heimilt að skjóta máli sínu til skipulags- og byggingarnefndar. Málskotsréttur er 14 dagar frá því að mál er lagt fram í nefndinni.

Þessi málskotsréttur takmarkar þó ekki almennan málskotsrétt samkvæmt lögum, sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaganna og grein 10.1 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

## AUGLÝSING

### um breytingu á auglýsingu um breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014.

## 1. gr.

1. mgr. auglýsingarinnar hljóðar svo:

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaganna nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 3. júlí 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994 - 2014 frá 16. nóvember 1994.

## 2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. ágúst 2001.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2001 tillögu að breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar við Framnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ.

Í breytingunni felst að á lóðinni Framnesvegur 20-22 er byggingarreit fyrir fjölbýlishús breytt, hann færður sunnar á lóðinni, gert er ráð fyrir einni 6 hæða turnbyggingu með risi og bætt er við byggingarreit fyrir bílageymslu.